

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1112

komudagur 14/3 1996

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

ICELANDIC COAST GUARD



Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Tilvísun vor: LHG/039/9.6/HH/sig

Tilvísun yðar:

Dagsetning: 11. mars 1996.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa. 189. mál.

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 14. f.m. var Landhelgisgæslu Íslands falin ofangreind tillaga til umsagnar.

Efni hennar hefur af því tilefni verið yfirfarið og fylgir umsögn hér með.

Jafnframt skal tekið fram, að Landhelgisgæslan er reiðubúin til frekara samráðs um málefnið, ef háttvirt samgöngunefnd telur þess þörf.

Hafsteinn Hafsteinsson

Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri.



LHG. 11.03.1996

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands
um þingsályktunartillögu um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa, 189. mál**

Þegar reglur um merkingu skipa komust á fyrir 12 árum, varð stór breyting á eftirliti Landhelgisgæslunnar með íslenskum fiskiskipum innan efnahagslögsögunnar. Eftir það mátti greina fyrr en áður, bæði úr flugvél og frá skipi, hvaða skip væru á ferð.

Ef tillögur um merkingar þilfarsfiskiskipa í þá veru að merkisþjöld verði stærri og í lit, sem gefi endurskin, jafnframt því sem staðsetning merkisþjaldanna verði þannig að þau myndi tíu gráðu halla, kæmist í framkvæmd -allt í samræmi umrædda þingsályktunartillögu- er ekki að efa, að allt eftirlit Landhelgisgæslunnar, hvort heldur sem er úr lofti eða af sjó, mun verða langtum skilvirkara. Þannig mun verða hægt að lesa kallmerki skipa lengra að, jafnframt því sem endurskin mun tryggja að merkin sjáist betur í dimmviðri og myrkri. Hiklaust má því mæla eindregið með efni tillögunnar.

Hvað varðar breytingar á merkingu úr skipaskrárnúmeri yfir í kallmerki viðkomandi skips, verður almennt að telja nauðsynlegt, að Íslendingar merki skip sín að alþjóðlegum hætti, og er því einnig mælt með þessu atriði tillögunnar.